

Föstudaginn 3. febrúar 1956.

Nr. 37/1955. **Ragnar Jónsson og Tómas Guðmundsson**

(Ragnar Jónsson)

gegn

Guðlaugi Rósinkranz

og gagnsök (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Meiðyrði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1955. Krefjast þeir sýknu af dómkröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 17. marz 1955. Krefst hann þess, að ummæli þau, sem stefnt er út af og greind eru í héraðsdómi, verði ómerkt, að aðaláfrýjendum verði dæmd þyngsta refsing fyrir ummælin og þeim dæmt skylt, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, að skýra í tímaritinu Helgafelli frá úrslitum máls þessa svo og því af forsendum dómsins, sem dómurinn telji ástæðu til. Þá krefst gagnáfrýjandi og þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um ómerkingu ummæla, refsingu aðaláfrýjenda og skyldu þeirra til að birta auglýsingu um málalok að öðru leyti en því, að birtingarfrestur ákveðst tvær vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dómsorð:

Óröskuð eru ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla, refsingu aðaláfrýjenda, Ragnars Jónssonar og

Tómasar Guðmundssonar, og um skyldu þeirra til að birta auglýsingu um málalok að öðru leyti en því, að birtingarfrestur ákveðst tvær vikur frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda, Guðlaugi Rósinkranz, kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. febrúar 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. f. m., hefur Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun með stefnu, út gefinni 7. desember 1953, gegn Ragnari Jónssyni, Reynimel 49, og Tómasi Guðmundssyni, Bergstaðastræti 48, báðum hér í bæ, vegna ummæla um stefnanda í grein, sem birtist í októberhefti tímaritsins „Helgafells“ árið 1953, en stefndu eru ritstjórar þess tímarits.

Hin umstefndu ummæli, sem birtust í greinarflokknum „Á förn-um vegi“ í grein undir fyrrsögninni „Ég einn“, sem rituð er undir dulnefni, eru þessi:

- I. „Gengu þessi leiðindi svo langt, að þjóðleikhússtjóri átti sérstakt blaðaviðtal af því tilefni, að hann endursendi öðrum ritstjóra þessa tímarits bók. Var þetta þá hans met í yfir-lætisfullri auglýsingastarfsemi fyrir sinni persónu, ef tilburðir slíkir sem þessir eru þá ekki einkenni sjúklegar mikilmennsku“.
- II. „Allur þessi samblástur var svo augljóslega runninn undan rifjum þjóðleikhússtjóra og skrif öll í samráði við hann, að flestum er nú ljóst orðið, hverjir það voru, sem æstu til ófriðar“.
- III. „Í síðasta pistli sínum tókst þjóðleikhússtjóra að slá sitt fyrra met í mikilmenskubrjálæði. Bæjarbúar munu vafalaust hafa rekið upp stór augu og brosað vorkunnsamlega, . . .“
- IV. „Nei, Guðlaugur Rósinkranz hefur enga óperu valið, alþjóð veit, að hann veit ekkert um óperur, að hann hefur bók-staflega enga þekkingu á hljómsveitarstjórn eða leikstjórn, að hann veit yfirleitt ekki neitt um list“.

Stefnandi, sem telur ummæli þessi meiðandi og móðgandi fyrir sig og tilhæfulaus með öllu, hefur gert eftirfarandi dómkröfur:

- að hin tilgreindu ummæli, sem birtust í októberhefti tímaritsins „Helgafells“, og aðdróttanir þær, sem í þeim liggja, verði dæmd dauð og ómerk,
- að stefndu verði dæmdir í þyngstu refsingu, er lög leyfa, fyrir að hafa viðhaft ummælin og breitt þau út opinberlega,
- að stefndu verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda dæmdir til þess að birta í tímariti því, „Helgafelli“, er hin framangreindu meiðyrði hafa birt í og þeir eru ritstjórar fyrir, úrslit máls þessa og það af forsendum dómsins, er dómariinn telur ástæðu til,
- að stefndu verði dæmdir til þess in solidum að greiða málskostnað að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að hin tilgreindu ummæli séu úr aðsendri grein, en ekki úr ritstjórnargrein. Ummælin séu rifin úr samhengi og sýni ekki rétta mynd af álitni greinarhöfundar.

Um I.

Fallast má á það með stefnanda, að ummælin „Var þetta þá hans met í yfirlætisfullri auglýsingastarfsemi fyrir sinni persónu, ef tilburðir slíkir sem þessir eru þá ekki einkenni sjúklegar mikilmennsku“, séu meiðandi fyrir hann. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og ber að refsa stefndu fyrir þau, enda hafa þau ekki verið réttlætt.

Þá þykir bera að ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Um II.

Fallast má á það með stefnanda, að ummæli þessi séu móðgandi fyrir hann. Þykja þau varða við 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og ber að refsa fyrir þau, enda hafa þau ekki verið réttlætt.

Þá þykir bera að ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Um III.

Fallast má á það með stefnanda, að ummæli þessi séu meiðandi fyrir hann. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og ber að refsa stefndu fyrir þau, enda hafa þau ekki verið réttlætt.

Þá þykir bera að ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Um IV.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ummæli þessi séu dómur um listræna stjórn stefnanda á málefnum þjóðleikhússins, þ. e. listdómur, sem sé heimill og refsilaus.

Það mun að vísu alkunna, að stefnandi sé ekki sérmenntaður á sviði hljómlistarstjórnar eða leikstjórnar, en þegar hin tilgreindu ummæli eru virt, má fallast á það með stefnanda, að ummæli þessi séu í heild móðgandi fyrir hann. Þykja þau varða við 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og ber að refsa stefndu fyrir þau, enda hafa þau ekki verið réttlætt.

Þá þykir bera að ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing stefnda Ragnars Jónssonar þykir hæfilega ákveðin 900 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 4 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Refsing stefnda Tómasar Guðmundssonar þykir hæfilega ákveðin 900 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 4 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Þá ber samkvæmt 11. gr. tilskipunar 9. maí 1855 að skylda stefndu til að birta auglýsingu í tímaritinu „Helgafelli“, þar sem glöggt komi fram, hverjar dómkröfur stefnandi hefur gert í máli þessu og á hvern hátt var um þær dæmt svo og úrslit málsins. Ber stefndu að viðlögðum 30 króna dagsektum til stefnanda að birta auglýsingu þess efnis frá stefnanda í 1. eða 2. hefti tímaritsins „Helgafells“, sem út kemur að liðnum aðfararfresti í máli þessu, og eftir að auglýsingin og krafa um birtingu hennar hefur komið fram frá stefnanda.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 500.00 í málskostnað.

D ó m s o r ð :

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi Ragnar Jónsson greiði 900 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 4 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndi Tómas Guðmundsson greiði kr. 900.00 sekt í ríkissjóð, en sæti 4 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndu ber að viðlögðum 30 króna dagsektum til stefn-

anda, Guðlaugs Rósinkranz, að birta auglýsingu samkvæmt framanskráðu í 1. eða 2. hefti tímaritsins „Helgafells“, sem út kemur að liðnum aðfararfresti í máli þessu og eftir að auglýsingin og krafa um birtingu hennar hefur komið fram frá stefnanda.

Stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1956.

Nr. 131/1955. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Arthur Wood Bruce (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóupprátt eftirtalda staði togara ákærða samkvæmt mælingum varðskipsins þann 18. júlí 1955: Kl. 19,52 mældist staður togarans um 1,4 sm fyrir innan fiskveiðimörkin, kl. 20,08 um 0,8 sm fyrir innan fiskveiðimörkin og kl. 21,45 um 0,2 sm fyrir innan fiskveiðimörkin við dufl það, sem varðskipið setti við hlið togarans kl. 20.54. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem vitnað er til í hinum áfrýjaða dómi. Með framangreindri athugasemd og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu hefur eigi breytt frá uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða all-